

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
10.03.21	17:00	Í Odda og Teams	11
Fundarboðandi	Fundarritari		Dags. rituð
Isabel Alejandra Diaz	Hjördís Sveinsdóttir		10.03.21

Fundaraðilar mættir

Félagsvísindasvið:

Arnaldur Starri Stefánsson fyrir Röskvu
 Lenya Rún Taha Karim fyrir Vöku
 Vífill Harðarson fyrir Röskvu
 Hólmfríður M. Böðvarsd. Howard fyrir Vöku

Heilbrigðisvísindasvið:

Brynhildur K Ásgeirsdóttir fyrir Röskvu
 Salóme Sirapat Friðriksdóttir fyrir Röskvu
 Ingi Pétursson fyrir Vöku

Hugvísindasvið:

Ingibjörg Iða Auðunardóttir fyrir Röskvu
 Erlingur Sigvaldason fyrir Röskvu
 Katla Ársælsdóttir fyrir Röskvu

Menntavísindasvið:

Magdalena Katrín Sveinsdóttir fyrir Röskvu
 Gabriela Sól Magnúsdóttir fyrir Röskvu
 Sóley Arna Friðriksdóttir fyrir Vöku

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Herdís Hanna Yngvadóttir fyrir Röskvu
 Ástráður Stefánsson fyrir Röskvu
 Urður Einarsdóttir fyrir Röskvu

Aðrir (án atkvæðisréttar):

Isabel Alejandra Diaz, forseti SHÍ
 Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir, varaforseti SHÍ
 Sara Þöll Finnbogadóttir, lánasjóðsfulltrúi SHÍ
 Hjördís Sveinsdóttir, framkvæmdastýra SHÍ
 Rebekka Karlsdóttir
 Guðrún Friða
 Egill Örnusön Hermannsson
 Tinna Alicia Kemp

Hrun Ólöf Andradóttir
Orri Steinarsson
Lilja Hrönn Ö. Hrannarsdóttir

Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:

Félagsvísindasvið:

Heilbrigðisvísindasvið:

Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir fyrir Röskvu

Hugvísindasvið:

Menntavísindasvið:

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Fundardagskrá

Fundur Stúdentaráðs 10. mars 2021 á Teams kl. 17:00

Agenda Student Council Meeting on March 10th 2021 on Teams at 17:00

1. Fundur settur 17:00

Meeting begins

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

Vote/approval on minutes from last meeting

3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:20

Announcements and issues ahead

4. Kynning á vinnu við nýtt rammaskipulag fyrir háskólasvæðið (Kynning og umræður) 17:20-18:00

Presentation of the work on a new framework design for the UI campus (Presentation and discussion)

5. Tímalína stórra mála 18:00-18:30

Timeline of important issues

6. **Hlé 18:30-18:40**

Intermission

7. Lagabreytingar (Umræður og atkvæðagreiðsla) 18:40 - 19:20

Law amendments (discussion and vote)

8. Önnur mál 19:20 - 19:30

Other issues

9. Fundi slitið 19:30

Meeting ends

1. Fundur settur

Meeting begins

- a. Fundur settur kl. 17:03

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla)

Vote/approval on minutes from last meeting

- a. Ein ábending barst. Það hefur verið lagað. Fundargerð samþykkt.

3. Tilkynningar og mál á döfinni

Announcements and issues ahead

- a. Neyðarstjórn

- i. **Neyðarstjórinn kom aftur saman í lok febrúar í tilefni tilslakana.** Nú gátu 150 nemendur komið saman í stað 50. Það reyndist erfitt að finna nógu stórar stofur vegna þess að við misstum margar stofur í lekanum. Kennarar hafa þann möguleika á að hafa staðkennslu, en þá þarf að tryggja streymi frá tímunum. Það voru öll sammála að það væri ekki hægt að breyta fyrirkomulaginu, tillit þarf að taka til þeirra sem hafa gert ráðstafanir með það í huga að tímar verði í fjarfundabúnaði. Neyðarstjórnin ætlar að tala við FS.

- b. Háskóladagurinn, sambandsþing LUF, fundur með nemendafélögum, Landsþing LÍS

- i. Háskóladagurinn gekk ágætlega fyrir sig, en það var ekki mikil aðsókn í fjarfundinn. Mikil trafik á heimasíðu Háskólans á deginum. Við fengum til okkar fyrirlesara frá Hugrónu, Faró nemendafélagi, félagslífs- og menningarnefnd, LÍS og alþjóðafulltrúa SHÍ.

- ii. Sambandsþing LUF var á sama tíma. Sara Þöll, lánasjóðsfulltrúi SHÍ, var tilnefning SHÍ í stjórn LUF og hlaut kjör í embætti alþjóðafulltrúa.

- iii. Landsþing LÍS var um helgina. SHÍ mættu þar mjög sterk til leiks. Vorum eina félagið með breytingatillögur. Tillaga um ályktun um fjárhagsstöðu stúdenta sem var samþykkt. Lögðum líka fram tillögu um þróunaráætlun LÍS

sem var líka samþykkt. Öll mjög sátt með framkvæmd og skipulagningu landsþingsins.

- iv. Fundur með nemendafélögum var 18. febrúar. Guðný og Isabel kynntu starfsemi Stúdentaráðs og töluðu líka um Háskólaráð. Ræddu einnig um áhrir faraldurins.
 - c. Hótel Saga og FS
 - i. Engar nýjar upplýsingar. Þetta er komið í fjölmiðla. Það þarf margt að ganga upp svo að þetta verði að veruleika en við þurfum að biðja og sjá hvað gerist. Isabel hefur lagt áherslu á að FS hafi aðkomu að byggingunni, fái að hafa stúdentagarða og Hámu.
 1. Líka verið að kanna möguleikann á að hafa Hámu í húsi íslenskra fræða.
 - d. Hugrún x SHÍ
 - i. Átak 22.-26. febrúar, þar sem við miðluðum áfram góðum ráðum til nemenda. [HÍ fjallaði](#) um átakið. Við vorum mjög sátt með samstarfið. Þau fengu mikið af stúdentum að tala við sig.
 - e. Fengum umsagnarbeiðni vegna frumvarps til laga um sjórnskipunarlög, þ.e. um breytingu á kosningaaldri. Skilafrestur er 15. mars þannig færi í atkvæðagreiðslu innan Stúdentaráðs 13. mars. Skrifstofan var að hugsa um að fara í að skrifa þessa umsögn. Ef Stúdentaráð hefur áhuga á að koma að skrifunum, þá biður Isabel um að þau hafi samband við sig eða Söru.
 - f. Mikael að fara í fæðingarorlof og Sara Þöll tekur við hans verkefnum á meðan.
 - g. Isabel er að skrifa ársskýrsluna. Þarf skýrslu frá öllum á skrifstofunni, öllum nefndum, sviðsráðum og kjörstjórn. Hún mun senda póst um þetta í kvöld eða á morgun.
 - h. Næstu Stúdentaráðsfundir / *Next Student Council meetings*
 - i. 21. apríl er kjörfundur. Dagssetning skiptafundar verður ákveðinn með nýju Stúdentaráði, en verður sennilega 10. eða 11. maí.
 - i. Stjórn Stúdentaráðs
 - i. Stjórnin fundar ekki í mars en hittist aftur í apríl.
4. Kynning á vinnu við nýtt rammaskipulag fyrir háskólasvæðið (Kynning og umræður)
Presentation of the work on a new framework design for the UI campus (Presentation and discussion)
- a. Hrund Ólöf Andradóttir og Orri Steinarsson kynna. Sjá upptöku.

Lilja Hrönn Ö. Hrannarsdóttir kemur á fundinn kl. 17:54

Erlingur Sigvaldason yfirgefur fundinn kl. 18:02

- b. Vífill spyr: Hvað telur Orri að aðkoma stúdenta sé að þessari sýn?
 - i. Orri svarar. Erum að miklu leyti að gera þetta fyrir stúdenta. Nemendur kjarni markhópsins. Aðkoma stúdenta að vinnunni mjög mikilvæg. Fulltrúi nemenda er hluti af skipulagsteymi. Stóð lengi til að halda stóra hagsmunaaðilakynningu, en covid setti strik í reikninginn. Eigum hana inni. Hrund segir að auðvitað viljum við hafa þessa kynningu. Samráð við einn nemenda í rafmagnsverkfræðinni um hakaþon. Koma hugmyndum þannig á framfæri. Vonast til að geta gert þetta á næstu mánuðum.
- c. Arnaldur spyr: að hvað miklu leyti tengist skipulag Vísindagarða þessu skipulagi?
 - i. Hrund svarar: Vísindagarðar eru með sína eigin stjórn og er í sameiginlegri eigu Háskólands og Reykjavíkurborgar. Hrund situr í stjórninni og reynir að miðla. Vísindagarðar í stefnumótuninni sinni núna. Erum í samvinnu en Vísindagarðar eru líka sjálfstæð eining. Orri bætir við að deiliskipulagið fyrir Vísindagarða er staðfest, en með komu borgarlínu er að koma ný vídd inn í Vísindagarða. Að miklu leyti er þetta fullhannað og útfært svæði. Okkar hendur eru þínu bundnar þegar kemur að Vísindagörðum.
- d. Orri spyr. Oft þegar maður er erlendis er maður gjarn á að fara á háskólasvæðið. Hvað finnst ykkur skemmtilegast við að heimsækja erlenda háskólagarða og hvað mynduð þið vilja heimfæra?
 - i. Opin rými þar sem er einhver þjónusta, þar sem fólk safnast saman.
 - ii. Lesrými, garðar, campus, grunnþjónusta í nærumhverfinu.
 - iii. Varðandi lágvöruslun hefur Ari, fulltrúi stúdenta, nýtt öll tækifæri til að koma þeim boðskap áleiðis, segir Orri.

5. Tímalína stórra mála

Timeline of important issues

a. Fjárhagslegt öryggi stúdenta

Student financial security

- i. Isabel segir frá því sem hefur gerst á þessu ári. Herferð Stúdentaráðs fór út í janúar og við fengum svör í vikunni frá félagsmálaráðuneytinu. Þau ætla að hafa erindi Stúdentaráðs til hliðsjónar við heildarendurskoðun. Isabel vildi að stúdentar fengu að koma að vinnunni með beinum hætti, sem hagaðilar.
- ii. Fréttablaðið birti frétt um þetta og umræða um fjárhagslegt öryggi stúdenta á þingi.
- iii. Maskínugögnin voru opinber um leið og þau fóru frá Menntamálaráðuneytinu, skv. úrskurði. Isabel ætlar að reyna að birta gögnin á morgun.
- iv. Isabel sóttist eftir símafundum með Félagsmálaráðherra en fékk ekki fund. LÍS sendi líka og fékk heldur ekki fund.

- v. Ný könnun um stöðu stúdenta á vinnumarkaði er farin út. Isabel var ekki ánægð með spurningalistann, það voru of margar spurningar sem áttu ekki heima í könnun um stöðu stúdenta á vinnumarkaði. Þau ætla að hafa hana opna þangað til að þau hafa fengið 60% svörun. LÍS er í tengslum við Maskínu.
 - vi. Fyrstu vikuna í mars fengum við símtal frá Menntamálaráðherra um að stofna starfshóp sem á að vinna að sumarátaki. Vilja til að skoða atvinnuleysisbætur fyrir stúdenta. Það var ákveðið innan fulltrúaráðs LÍS að LÍS fái 4 fulltrúa í starfshópnum. Isabel vill fá sæti og vill að Jóhanna, forseti LÍS, haldi líka áfram því að þær hafa unnið mikið í þessu fyrir. Vilja stúdentafulltrúa frá Menntasjóði námsmanna og einn frá Vinnumálastofnun til að skoða atvinnuleysisbæturnar. Það er stuttur fyrirvari á þessu.
 - vii. Úthlutunarreglur verða samþykktar fyrir 1. apríl. Við höfum verið mjög ákveðin hvað varðar hækkun grunnframfærslu. Sara segir að þau hafi átt fund með Lilju í síðustu viku um þetta.
- b. Skrásetningargjald

Registration fee

- i. Vilja starfshóp um skrásetningargjöldin. Isabel ætlar að senda annað erindi. Þetta hefur nýlega verið til umræðu innan Háskólaráðs. Þar leggja fulltrúar stúdenta innan Háskólaráðs inn bókun hvað þetta varðar og má lesa í nýjustu fundargerð fundar Háskólaráðs. Það má draga þá ályktun af gagnbókun á fundinum að skólinn sé ekki beint í liði með okkur í þessum efnum. Bókunin segir að ef við viljum breytingar þurfi það að fara í gegnum Alþingi. Rök stúdenta eru að Háskólinn verði með okkur í liði og eiga ekki að þurfa að sækja fjármagn í vasa stúdenta til að standa undir kostnaði. Háskólinn er undirfjármagnaður, en skrásetningargjöldin fara ekki einungis í þjónustu við nemendur. Mörgum spurningum ósvarað, um það í hvað skrásetningargjaldið fer. Ef að Stúdentaráðsliðar vilja vita meira biður Isabel þau um að heyra í sér og jafnvel kíkja upp á skrifstofu.

6. Hlé

Intermission

- a. Hlé tekið kl. 18:32 - 18:42

Sara Þöll Finnbogadóttir yfirgefur fundinn kl. 18:40

7. Lagabreytingar (Umræður og atkvæðagreiðsla)

Law amendments (discussion and vote)

- a. 7. grein, kjörin embætti - Kennslumálanefnd
 - i. Rebekka mælir fyrir tillögunni. Styrkja kennslumálanefnd sem miðlægán vettvang kennslumála stúdenta.

- ii. Fylkinganna að ákveða hvernig á að skipa í þessa nefnd sín á milli. Rebekka segir að þau hafi ákveðið að útfæra það ekki í lögunum. Hvort þetta væri í samræmi við kosningar eða sviðsráðin. Eðlilegast að það væri kosið um þetta á kjörfundi.
- iii. Lenya spyr Isabel. Þegar þetta er útfært, þá þarf að kjósa um hvernig er skipað í þessa nefnd. Isabel þarf að tala við Lilju Hrönn, forseta lagabreytingarnefndar, um þetta. Hún veit ekki af hverju það er ekki útskýrt hvernig ætti að kjósa í nefndina.
- iv. Brynhildur fagnar því að það verði þverfaglegur grundvöllur. Magdalena tekur undir.
- v. Vífill spyr hvort það ætti að vera óháður aðili innan kennslumálanefnd. Rebekka sagði að þetta hefði verið tekið til umræðu en ákveðið að fá reynslu á þetta. Vífill stingur upp á að það væri kosið um fimm aðila og sú fylking sem fengi forsæti fengi þrjá fulltrúa. Rebekka segir einn galla við þetta að þá er verið að taka valdið af sviðsráðunum.
- vi. Mjög mikilvægt að það sé einhver óháður inni í kennslumálanefnd sem sækir um af áhuga óháð stúdentapólitík. Mögulega sjötti aðilinn inn í nefndina.
- vii. Arnaldur segir að það þyrfti að passa gott upplýsingaflæði.
- viii. Hólmfríður hefur umræðu um að leggja niður kennslumálanefnd og hafa þetta eingöngu innan sviðanna. Rebekka segir að þau vilji samráðsvettvang á milli sviða. Isabel finnst það ekki beint ganga því SHÍ eru með fulltrúa kennslumála innan Háskólaráðs.
- ix. Sniðugt að þau sem eru skipuð í nefndina hafi áhuga á þessu, lendir oft á tíðum bara á þeim sem eru í sviðsráðinu. Rebekka segir að ef það er aðili sem hefur áhuga á kennslumálum sem býður sig fram í sviðsráð, sé gott að þetta sé sami aðilinn.
- x. Lenya er sammála að það sé gott að hafa óháðan aðila, en kannski gott að treysta nefndinni til að ákveða hvort þurfi óháðan fulltrúa. Rebekka segir nefndina sammála um að það sé ekki þörf eins og er á óháðum aðila, en hægt að endurskoða eftir ár.
- xi. Vífill segir að væri hægt að útfæra eins og nýsköpunarnefnd, einn frá hverju sviði og hverri fylkingu. Rebekka segir 7 manns vera of hátt flækjustig. Skilvirkara að það sé einn frá hverju sviði og ekki fleiri.
- xii. Hólmfríður segir að það sé vont að taka það frá aðila sem er ekki í stúdentapólitík.
- xiii. Urður segir að fimmti meðlimur getur komið með rosalegan styrk inn í nefndina, þ.e. óháði aðilinn.
- xiv. Isabel segir erfitt að taka þessa tillögu núna þegar það er ekki komin frekari útfærsla. En við getum líka ákveðið að ganga til atkvæðagreiðslu á þessari

með fyrirvara um að það eigi eftir að bæta inn í lögin hvernig það verður gert á kjörfundi. Rebekka er ósammála um að það útiloki að þessi tillaga sé tekin fyrir að það sé ekki skýrt hvernig útfærslan er, það sé ekki skýr útfærsla um skipun í neinar nefndir.

- xv. Lenya er til í að kjósa um þetta núna en bæta við seinna að bæta við hvernig er skipað.
- xvi. Með sviðsráðin stendur að það sé í hlutfalli við kosningar en ekki meira. Það þarf að laga það.
- xvii. Isabel spyr hvort Stúdentaráð sé tilbúið að kjósa um tillöguna. Svo er farið í útfærslu á þessu og skipun svo í nefndina á kjörfundi, en það mun þurfa að koma fram nýtt ákveði um hvernig nefndirnar eru skipaðar allar. Lagabreytingarnefnd þarf að finna út úr því hvernig við komum því inn í lögin.
- xviii. Nefndir hafa ákveðið svigrúm til að taka inn fleiri, það þarf ekki að fara í fleiri.
- xix. Atkvæðagreiðsla. Samþykkt einróma.

Rebekka Karlsdóttir yfirgefur fundinn k. 19:19.

- b. 7. grein, kjörin embætti - Lánasjóðsfulltrúi
 - i. Isabel gerir grein fyrir tillögunni. Breyting úr Lánasjóði íslenskra námsnanna í Menntasjóðs námsmanna. Einnig ekki hægt að kjósa á kjörfundi því það liggur ekki fyrir hver er lánasjóðsfulltrúi á körfundi.
 - ii. Atkvæðagreiðsla. Samþykkt einróma.

Ástráður Stefánsson yfirgefur fundinn kl. 19:21.

- c. 19. grein, nefndir - Fjármála- og atvinnulífsnefnd
 - i. Isabel gerir grein fyrir tillögunni.
 - ii. Atkvæðagreiðsla. Samþykkt einróma.
- d. 23. grein, skipan stjórnar - Gjaldkeri og framkvæmdastjóri hlutverk
 - i. Isabel gerir grein fyrir tillögunni. Gjaldkeri hefur ekki nógu miklar upplýsingar til að gera fjárhagsáætlun. Framkvæmdastjóri sem ber endanlega ábyrgð. Gera grein fyrir fjárhagsstöðu í upphafi starfsárs og á vormisseri.
 - ii. Atkvæðagreiðsla. Samþykkt einróma.
- e. 25. grein, skipan skrifstofu Stúdentaráðs - Lánasjóðsfulltrúi
 - i. Atkvæðagreiðsla. Samþykkt einróma.
- f. 25. grein, skipan skrifstofu Stúdentaráðs - Ritstjóri
 - i. Atkvæðagreiðsla. Samþykkt einróma.
- g. 27. grein, útgáfa Stúdentaráðs
 - i. Atkvæðagreiðsla. Samþykkt einróma.

8. Önnur mál

Other issues

- a. Tillaga um rekstur spilakassa af hálfu Háskóla Íslands

- T I L L A G A -

Um rekstur spilakassa af hálfu Háskóla Íslands

Lagt er til að SHÍ beiti þrýsting á stjórnendur háskólans um að hætta rekstri spilakassa á Íslandi og beiti sér fyrir því að finna aðrar leiðir til tekjuöflunar sem ala ekki á fíknivandamálum einstaklinga í samfélaginu.

Rökstuðningur

Til að setja þetta saman í samhengi er Happpdrætti Háskóla Íslands eigandi 500 spilakassa sem skilar 700 milljón krónum í hagnað á hverju ári. Þetta eru 700 milljón krónur sem fara vissulega í byggingar háskólans og tækjabúnað, en til að gera háskólanum kleift að fjármagna þessar byggingar þarf hann að ýta undir fíkn er kemur að spilakössum.

Spilakassar eru ekki nauðsynjavara í samfélaginu okkar og eru langstærsti hópur notenda þess spilafíklar. Í könnun Gallups sem gerð var fyrir SÁS kemur fram að 93,6% svaraenda hafi aldrei notað spila-kassa síðustu tólf mánuði. Einnig sýnir könnun Gallups sem gerð var í maí 2020 að 86% íslensku þjóðarinnar vill að spilakössum verði lokað til frambúðar. Þetta sýnir að lítill hópur fólks, sem gera má ráð fyrir að hluti af þessum hóps séu spilafíklar, haldi uppi starfsemi á spilakössum.

Mótrök HHÍ og stjórnenda háskólans við lokun spilakassa er að mestu leyti sú að það var ákvörðun Alþingis að fjármagna skuli byggingar háskólans, viðhald og tækjakaup með happpdrættisfé og þar með er kastað sök á stjórnvöld. Fyrsta skrefið í lokun spilakassa væri að sýna að það er vilji meðal stúdenta til að finna aðra leið til að fjármagna byggingar háskólans sem ýtir ekki undir fíkn og í kjölfarið yrði umræðan tekin lengra.

Önnur mótrök sem HHÍ hefur notað gegn lokun spilakassa er að spilafíkn verður ekki leyst með því að loka spilakössum HHÍ, en þó bendir ekkert til að spilafíklar muni leita annað ef skyldi koma til lokunar spilakassa.

Stúdentaráð beitir sér að mestu leyti að starfsemi innan háskólans og það sem snertir háskólann snertir okkur. Beiðni okkar er einfaldlega sú að Háskóli Íslands taki ekki þátt í rekstri spilakassa og fjármagni ekki byggingar sínar með þessum hætti.

Flutningsaðilar: Ingi Pétursson, stúdentaráðsliði

Lenya Rún Taha Karim, oddviti Vöku

Tinna Alicia Kemp, varafultrúi og forseti Vöku

- ii. SHÍ beiti þrýsting á skólastjórnendum til að hætta rekstri spilakassa og fjármagni byggingar öðruvísi. Sýna vilja stúdenta og að við erum ekki samþykkt að vera í byggingum sem eru byggðar við að ýta undir fíkn.
- iii. Brynhildur leggur til að málinu yrði frestað. Þetta sé svo stórt mál. Hafa samráð við fólk sem þetta mál varðar. Svo við getum átt almennilega umræðu um þetta mál. Ingibjörg er sammála.
- iv. Isabel segir að þetta er eitthvað sem hefur verið skoðað innan skrifstofu stúdentaráðs. Isabel ber upp bókun.

- BÓKUN -

Tillaga þessi fjallar um mikilvægt málefni og þykir okkur gott að umræðan eigi sér stað innan Stúdentaráðs. Til upplýsinga þá hefur skrifstofa Stúdentaráðs þegar verið að afla sér upplýsinga og gagna um málið. Hefur hún átt í samskiptum við rektorsskrifstofu, fjármálasvið Háskóla Íslands og Hapdrætti Háskóla Íslands, og eru gagnabeiðnir enn útistandandi. Þá uppfærði forseti stjórn Stúdentaráðs á fundi sínum þann 14. desember 2020 um málið og þeirri upplýsingasöfnun sem hafði þegar átt sér stað og myndi halda áfram. Þótti skrifstofu Stúdentaráðs mikilvægt að stórt mál sem þetta væri mjög vel unnið, að Stúdentaráð fengi kynningu um efni þess frá hagaðilum og viðeigandi gögn áður en ákvarðanir eru teknar, til þess að hafa þess kost á að taka upplýsta ákvörðun. Er það að fyrirmynd faglegrar og málefnalegrar vinnu sem skrifstofan tileinkar sér og Stúdentaráð hefur lagt upp með síðastliðin þrjú ár. Að því sögðu, þykir undirritaðri miður að tillaga þessi hafi borist svo seint og sé undir önnur mál þar sem sá dagskrárliður er skammur og eru vonbrigði að málið hafi ekki verið skoðað í sameiningu tillögubera og skrifstofunnar.

Ítrekar undirrituð að málið er mikilvægt og umræðan það líka og mun skrifstofa Stúdentaráðs gera sitt besta til að kalla eftir þeim gögnum og kynningum frá hagsmunahópum til að veita Stúdentaráði færi á upplýstri afstöðu.

Isabel Alejandra Diaz, forseti Stúdentaráðs

- v. Isabel fer í þetta mál í kjölfar þess að blaðamaður hefur samband við sig í desember. Isabel þætti viðeigandi að fá kynningu frá hagaðilum um svona stórt mál.
- vi. Lenya bregst við bókuninni. Það var haft samband við SÁÁ vegna

- tillögunnar. Þetta er stór tillaga, snýst um lýðheilsumál. Hefur þetta eitthvað með það að gera að tillagan komi frá Vöku?
- vii. Hólmfríður segir að það þurfi að vanda þetta mál, en við hjá Stúdentaráði erum ekki að reyna að leysa lýðheilsuvanda eða að skilgreina eitthvað hvað varðar fíkn. Þetta snýst um að taka afstöðu og beita þrýstingi. Hún hefur ekki heyrt neitt innan Stúdentaráðs um þessa mál. Mikilvægt að við tökum afsöðu um hvaðan fjármagn er að koma. Þrýsta á að fá einhverjar upplýsingar.
- viii. Isabel bregst við spurningu Lenyu um hvort þetta snúist um að tillagan komi frá minnihlutanum. Segir það ekki vera, heldur er hér um að ræða stórt mál sem Stúdentaráð þarf fræðsu um málið til að geta tekið upplýsta ákvörðun. Með tanngreiningamálið, sem var síðasta málið sem var svona siðferðislega flókið. Þá komu stúdentar á skrifstofu Stúdentaráðs að tala við forseta. Í kjölfarið var kynning á Stúdentaráðsfundi og umræður inni á fundi. Forseti fór í gagnaöflun. Tveimur fundum síðar sem Stúdentaráð tók afstöðu til þessa máls. Þetta er til þess að fylgja verklagsferlum sem við settum okkur í byrjun starfsárs. Hvað varðar það sem Hólmfríður sagði að við þurfum að taka afstöðu hvaðan fjármagn er að koma, er Isabel algjörlega sammála. Þegar Lenya var að mæla fyrir tillögunni var hún að tala um að þetta væri til þess að beita þrýstingi, en ekki til þess að taka afstöðu. Og ef þetta er til að beita þrýstingi á skólayfirvöld og funda með rektor um málið, þá höfum við verið að reyna að gera það. Höfum ekki öll gögnin sem við þurfum. Það er ljóst af fundi velferðarnefndar í dag að það ríkir kannski meiri pólitískur vilji til þess að skoða þetta mál en við gerðum okkur grein fyrir. Þá er spurning hvort við eigum að beita þrýstingi á stjórnvöld frekar en skólayfirvöld um fjármagna skólann öðruvísi. Athuga hvar á að beita þrýstingi. Isabel vísar því á bug að þetta snúist um einhverjar línur, það er mikilvægt í svona stórum málum að hafa allt fyrir framan sig. Nú þegar ráðherra hefur lýst yfir ákveðnum pólitískum vilja til að skoða þetta mál þá heldur hún að við getum farið þá leið líka.
- ix. Brynhildur fagnar umræðunni og hún vill að við tökum alvöru umræðu um þetta. Í desember þegar þetta var til umræðu gerði hún sjálf drög að tillögu um svipað mál, en eftir umræðu í stjórn Stúdentaráðs ákvað hún að bíða með það. Það mikilvæg umræða sem við þurfum að taka ítarlega óháð því hvaðan það kemur eða hvenær.
- x. Lenya segir að þetta sé málefni stúdenta, þetta varðar starfsemi Háskólans. Þetta er eitthvað sem snertir okkur stúdenta og við sem Stúdentaráð eigum rétt á því að bregðast við. Og svo nefndirðu tanngreiningarmálið, en hún man mjög öðruvísi eftir tanngreiningarmálinu. Hana langar ekki að fara út í það hvernig það mál var höndlað innan Stúdentaráðs, hana langar ekki að nota

- það mál sem einhverja fyrirmynd.
- xi. Hólmfríður skilur þetta alveg og hún vill frekar að við frestum þessari tillögu og tökum hana upp aftur og ræðum hana betur. En hún skilur ekki af hverju það er ekki betra að taka þessa umræðu og fá Stúdentaráð í heild sinni á bakvið þetta mál, hvort sem það er að beita þrýstingi á skólayfirvöld eða ráðherra eða hvað. Af hverju Stúdentaráð ætti ekki að láta sig málið varða?
- xii. Isabel bregst við. Hún er algjörlega sammála því að við eigum að taka málið til umræðu. Stúdentaráð er pólitískt afl og við eigum að beita okkur innan og utan háskólasamfélagsins. Það er ekki punkturinn að við eigum ekki að gera þetta, hana langar að gera þetta með allar upplýsingar á bakvið sig. Þess vegna segir hún í bókuninni að henni hefði þótt vænt um að tala um þetta mál saman, þá hefði minnihlutinn geta komið með þær upplýsingar sem þau eru með og hún komið með upplýsingar sem hún er með. Hennar dyr standa ávallt opnar. Þetta snýst ekki um að við ættum ekki að beita okkur fyrir þessu, heldur að þetta sé stórt mál og við ættum að gera það með allar upplýsingar frá hagaðilum. Isabel bregst við og segir það hart til orða tekið að segja að við munum eftir tanngreiningarmálinu á mismunandi vegu, það sé ekki sanngjarnt gagnvart Elísabetu Brynjarsdóttur, þáverandi forseta SHÍ, sem lagði sig alla fram á sínum tíma til þess að koma umræðunni í gang og vera óþægileg á fundum með miðlægu stjórnsýslunni. Hvernig hún tók á þessu máli var á faglegum grundvelli með öllu.
- xiii. Lenya bregst við. Hún veit ekki hvernig ferlið byrjaði í tanngreiningarmálinu og en veit hvernig það endaði og hún er að vísa í það.
- xiv. Isabel svarar að hún er að bera þetta saman við hvernig ferlið fór af stað, hvernig hún fékk hagaðila inn og safnaði upplýsingum.
- xv. Ingibjörg segir að þetta sé stórt og viðkvæmt mál og það þarf að íhuga þetta betur áður en gengið er til atkvæðagreiðslu. Við berjumst fyrir hagsmunum stúdenta og þetta er stærra lýðheilsuvandamál en við tökumst á við dagsdaglega, og hvað þá með svona suttum fyrirvara. Flott umræða og framtak samt. Sammála að SHÍ þurfi að taka afstöðu en það þarf að vera vel ígrundað og tel ekki einn dagskrálið vera nægan tíma til þess.
- xvi. Vífill kemur með breytingartillögu.
- xvii. Lenya segir að Isabel hafi sagt þetta snúast um pólitískan vilja, og segir að eins og staðan er núna er pólitískur vilji þingmanna til staðar. Það er verið að taka þetta fyrir á nefndarfundum, á Alþingi, það eru einstaka þingmenn að tala fyrir þessu máli inni á þingfundum. Það séu ekki haldbær rök að segja að pólitíski viljinn sé ekki til staðar. Þetta er bara til að kveikja eldinn í baráttunni innan háskólans.
- xviii. Isabel segir að hún hafi ekki sagt að það væri ekki pólitískur vilji. Hún sagði

að eftir fund velferðanefndar sé ljóst að það sé pólitískur vilji og víðar en við gerðum okkur grein fyrir, sem er flott. Það þýðir að það sé hægt að beita sér fyrir þessu.

- xix. Arnaldur segir varðandi það sem Isabel sagði áðan um að beita þrýstingi á stjórnvöld, að í því samhengi þurfum jafnframt að beita okkur innan skólans. Það að fara að of miklu leyti gagnvart stjórnvöldum er svolítið að gúddera afsakanir háskólans. Þarf að beita sér á báðum stöðum.
- xx. Isabel bregst við og er sammála. Segir að það er greinilega víðar hægt að beita sér. Erum þegar að reyna innan Háskólans.
- xxi. Lenya tekur undir með Arnaldi. Pressan þarf að byrja hjá stjórnvöldum skólans.
- xxii. Isabel segir að þetta sé eins og með skrásetningargjaldið, við erum öll á sama máli og erum greinilega komin í hringi. Eins og með skrásetningargjaldið, biðja rektor um að vera með okkur í liði og saman beita þrýstingi út fyrir háskólasamfélagið. Þannig við erum öll á sama máli.
- xxiii. Ingi segir um það hvert á að beita þrýstingi, að rektor sagði sjálfur í viðtali að það myndi ekkert breytast fyrir en ríkisstjórn breytireinhverju. Finnst því rétt að beita þrýstingi á skólayfirvöld og láta okkur skoðun heyrast svo hann geti komið því á framfæri við ríkisstjórn. Sammáa því að þetta sé risastórt mál sem þarf að vinna vandlega, en eins og Lenya sagði þá snýst þetta um að opna umræðuna af hálfu Stúdentaráðs. Hann ítrekar að þó að þetta hafi borist seint þá hafi þetta alls ekki verið skrifað á 5 mínútum og töluverð vinna lögð í þetta, enda ótrúlega mikilvægt mál.
- xxiv. Ingibjörg efast ekki um að tillagan sé vel unnin en innan við sólarhingur of stuttur tími fyrir alla SHÍ liða til að geta kynnt sér þessa tillögu jafn vel og Ingi og Lenya hafa gert. Þetta er frekar stórt mál til að afgreiða á einu bretti eftir stuttan kynningartíma.
- xxv. Vífill gerir grein fyrir breytingartillögunni sinni.
- xxvi. Lenyu finnst breytingartillagan flott.
- xxvii. Arnaldur kemur með breytingartillögu á breytingartillöguna hans Vífils.
- xxviii. Brynhildur kemur með athugasemd um að það þurfi að kjósa um að taka tillöguna fyrir, þar sem hún fellur undir önnur mál.
- xxix. Magdalena spyr hvort sé hægt að halda auka fund fyrir þetta mál.
- xxx. Isabel leggur til að afgreiðslu á þessari tillögu sé frestað og það verður annar fundur þar sem þetta mál verði tekið fyrir. Fá kynningu frá hagaðilum. Magdalena stingur upp á að fá kynningu frá skaðaminnkandi úrræðum.
- xxxi. Atkvæðagreiðsla. Samþykkt einróma að fresta afgreiðslu tillögunnar og halda auka Stúdentaráðsfund.
- xxxii. Athugið að ítarlegri umræður má sjá í upptöku fundsins.

9. Fundi slitið

Meeting ends

- a. Fundi slitið kl. 20:09